

Fundargerð byggingarnefndar frá 7.sept 2007

Fundur haldinn í byggingarnefnd Tálknafjarðar föstudaginn 7.september 2007 kl. 18.00 á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps.

1. Erindi frá Tryggva Ársælssyni fyrir hönd Særastar ehf.

Sótt er um lóð til að reisa skreiðarhjalla í Hrafnadal á því svæði sem merkt er gámasvæði á deiliskipulagi frá 1999, um er að ræða að hjallurinn verður reistur úr hjallaspírum 2 m hár, 7 m breiður og 60 m langur.

Bendir nefndin á að hreppsnefnd úthluti lóðum. Fái Særöst lóð á þessum stað sér nefndin því ekkert til fyrirstöðu að veita stöðuleyfi fyrir skreiðarhjalla.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið kl. 18.30.

Heiðar Jóhannsson (sign)

Sigurvin Hreiðarsson (sign)

Aðalsteinn Magnússon (sign)

Guðlaugur Jónsson (sign)